

## Frumvarp til laga

um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 12%.

##### 2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Lífeyrissjóði skv. 1. málsl., sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar, er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Skulu slíkar breytingar taka mið af ákvæðum 4. gr. um lágmarkstryggingavernd.

##### 3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Nú er í gildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% og skal þá heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga þessara þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.**

##### 4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. og 3. málsl. 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 8%.

##### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 12%.

##### 6. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: 8%.

## 7. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.**

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. kemur: 8%.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 4. másl. 4. mgr. kemur: 12%.

## 9. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: 8%.

## 10. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.**

## 11. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Iðgjald til sjóðsins skal að lágmarki nema 12% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr., sem skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi að lágmarki 8%.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.**

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 8%.
- b. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „6%“ í 3. mgr. kemur: 12%; og: 8%.

VI. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.**

13. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 8%.

VII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.**

14. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í d-lið 5. gr. laganna kemur: 12%.

VIII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**

15. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laganna kemur: 12%.

IX. KAFLI

**Gildistaka.**

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.